

Mætt: Páll, Hlynur Geir, Hreinn, Halldór, Helena, Bjarki, Arnór, Ásta.

Dagskrá:

Páll setur fund og býður stjórnarmenn velkomna og gengur þegar til dagskrár.

1. Starfsmannamál

Páll gerir grein fyrir því að skera þurfi niður um eina heila stöðu í starfi GOS. Staðan er ekki beisnari en það, klúbburinn ræður ekki við þrjár heilar stöður. Kjarngóð umræða spannst um ýmislegt á sviðinu og sammæli hjá stjórnarmönnum um þessa aðgerð.

2. Reksturinn

Hlynur Geir fer yfir stöðuna á fjárhagsmálum sumarsins. Ánægjuleg aukning kemur fram á drjúgmörgum liðum og bjart yfir starfinu. Árslíkanið lítur út eins og fyrri ár og hefðin býður.

3. Vetrarstarfið

Hvenær byrjar vetrarstarfið? Svar við því er 1. desember, það er góð nýting á hermunum og fólk hefur aðgang að höllinni. Gott er að hafa ekki of stíft skipulagt starf í október og nóvember. Nýjung í starfinu eru stúlknaæfingar, sem verða í umsjón Alexöndru, Heiðrúnu Önnu og Katrínar Emblu. Að fyrirmynd frá Akureyri verður skólabörnum boðið í nýju æfingabásana þegar þeir koma upp og herjað á skólastjórana að kynna allar íþróttir í skólunum. Hugmyndin er að fríska upp á allt barna- og unglingastarfið, og efla nýliðun verulega.

4. Aðalfundur - lagabreytingar - kosningar

Páll leggur til dagsetninguna 9. desember fyrir aðalfund GOS 2021. Rætt um stöðu stjórnarmanna í stjórn fyrir næstu tvö ár. Aðeins tveir stjórnarmenn komu inn á síðasta fundi. Bjarki leggur til þær breytingar á kjöri til stjórnar að ekki verði kosið í embætti heldur skipti stjórnin með sér verkum. Boða þarf aðalfund með gögnum með tveggja vikna fyrirvara. Breyting á fundardegi næsta stjórnarfundar .. færist til fimmtudags 11. nóv.

5. Æfingaskýlið

Það stendur eitthvað á því að undirbúningsvinna hefjist í teikningum og burðarvirki. Stefnt er að því að steypa plötu fyrir frost, en skýlið rísi í vor. Huga þarf að því að fara í flutning á trjáum af verðandi æfingasvæði

6. Nýr golfhermir

Keyptur hefur verið þriðji golfhermirinn og greiddur út í hönd. Stefnt er að því að taka hann í notkun um miðjan nóvember. Bjarki leggur til að keyptur verði fjórði hermirinn. Páll segir stjórn hafa ákveðið að bíða aðeins með að fjölga þeim, á síðasta fundi. Umræða var talsverð og málum velt fram og til baka

7. Kaup á vélum fyrir 2022

Búið panta pallbíl og boltatínslúvél. Rætt um fjármögnunarmöguleika á tækjunum. Reyndin er sú að langflestir golfklúbbar semja við bankana um fjármögnun. Gera á við brautarsláttuvélina (Bjarki) í vetur.

8. Önnur mál

HGH: Tveir samningar eru að renna út, annars vegar við sveitarfélagið og hins vegar við knattspyrnufélagið vegna sláttar á fótboltavellinum.
Bjarki: Ræðir um Golfmót stjórnar.

HP